

Nd.

524. Nefndarálit

[214. mál]

um frv. til l. um þátttöku Sildarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Samkvæmt frv. þessu, ef að lögum verður, heimilast Sildarverksmiðjum ríkisins, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að leggja fram allt að 2 millj. kr. sem hlutafé í útgerðarfélagi, er verksmiðjurnar stofni í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað. Eignarhlutföll verði þau, að verksmiðjurnar eigi 55% af hlutafénu.

Markmið félagsins á að vera útgerð vélbáta og b/v Hafliða, og skulu skipin vera í föstum viðskiptum við S.R., aðallega með það fyrir augum að tryggja hraðfrystihúsi verksmiðjanna hráefni til vinnslu.

Hraðfrystihús S.R. var byggt árið 1952 með það fyrir augum að efla atvinnulíf í Siglufirði, sem þá var lamað vegna sildarleysis. Við það að byggja hraðfrystihúsið á vegum S.R. vannst það m. a., að hagnýttur var húsakostur og lóðir verksmiðjanna og vinnuafli fastra starfsmanna þeirra.

Árið 1953 var gerður samningur milli Siglufjarðarkaupstaðar og S.R. um rekstur þeirra tveggja togara, sem kaupstaðurinn átti þá, og tók stjórn S.R. að sér að annast alla útgerðarstjórn og rekstur skipanna fyrir reikning og á ábyrgð bæjar-sjóðs Siglufjarðar. Hefur svo verið síðan, en nú á bæjarútgerðin, sem kunnugt er, aðeins b/v Hafliða.

Þetta samstarf bæjarútgerðarinnar og verksmiðjanna hefur tvímælalaust verið báðum til styrktar.

Þannig hefur t. d. útgerðin greitt S.R. talsverðar upphæðir vegna framkvæmdastjórnar og bókhalds, og hraðfrystihús S.R. hefur á hinn bóginn greitt verulegar verðbætur á afla togaranna, sem unninn hefur verið í hraðfrystihúsinu. Einnig hefur vélaverkstæði S.R. haft mikil viðskipti við bæjarútgerðina, og verksmiðjurnar hafa unnið úr þeim fiskúrgangi, sem til hefur fallið frá hraðfrystihúsinu. Þetta hefur skapað verkefni fyrir hóp manna allt árið um kring á vegum S.R., en sá hópur hefur verið kjarninn í því starfslíði, sem verksmiðjurnar hafa þurft að sumrinu til, meðan vinnsla sildarinnar stendur yfir.

Nýtt viðhorf hefur að nokkru leyti skapast í þessu efni vegna þess, að b/v Elliði fórst, svo og vegna aflabrests hjá togurunum, eins og vikið er að í athugasemdum frumvarpsins. Þarf því að gera nýtt átak í útgerðarmálum Siglufirðinga, til þess að hraðfrystihúsin þar á staðnum fái nægileg verkefni og til þess að það gagnlega samstarf milli bæjarfélagsins og S.R. sem að framan er dregið á, geti haldið áfram og komið í fast form til frambúðar.

Er með frv. þessu farið fram á nauðsynlega lagaheimild fyrir S.R. til þess að semja við Siglufjarðarkaupstað um félagsstofnun með þetta fyrir augum, og mælir nefndin eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Matthías Á. Mathiesen,
fundaskr.

Geir Gunnarsson.

Gísli Guðmundsson.

Pétur Sigurðsson.